

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 24. júlí 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-49/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. júlí sl. bað félagið X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustu hjá fyrirtækinu Y. Í álitsbeiðni er þjónustunni þannig lýst: „Yfirferð og viðgerðir á gluggatjöldum á efri hæð í húsinu A ásamt hluta neðri hæðar.“ Reikningur fyrir vinnu og viðgerðir er að fjárhæð kr. 247.861, þar af kr. 187.897 fyrir vinnu. Álitsbeiðandi óskar eftir „mati á umfangi þessa verks og réttmæti þeirrar miklu vinnu sem tilgreind er.“

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur um viðskipti sem falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lög nr. 42/2000 um þjónustukaup og lög nr. 48/2003 um neytendakaup er á valdsviði nefndarinnar, þ.e. að nefndin gefur álit sitt á því hvernig hann eigi að leysa. Sá ágreiningur sem lýst er í álitsbeiðninni er á milli félagasamtaka annars vegar og hlutafélags hins vegar. Ágreiningurinn snýst um réttmæti þess hluta reiknings hlutafélagsins er nær til veittrar þjónustu þess, þ.e. vinnu. Eðli sínu samkvæmt ætti úrlausn ágreiningsins að fara eftir lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup, en hvorki lögum nr. 50/2000 né lögum nr. 48/2003. Í lögum nr. 42/2000 er hins vegar sú takmörkun gerð að þau ná aðeins til samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi. Neytandi samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laganna er einstaklingur sem er kaupandi þjónustu sem ekki er keypt í atvinnuskyni eða í tengslum við starf viðkomandi einstaklings. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu X hefur sambandið umtalsverðan rekstur með höndum og leiðir það eitt þegar til þess að ekki er um að ræða aðild einstaklings í skilningi 3. mgr. 1. gr. laga nr. 42/2000. Samkvæmt þeim lögum, sbr. og 2. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, er það utan valdsviðs nefndarinnar að gefa álit um þann ágreining sem lýst er í álitsbeiðninni. Af þeim sökum er annað óhjákvæmilegt fyrir kæruneftndin en að frávísa álitsbeiðni X, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir